

STRÆTÓ ALLA LEIÐ FRÁ REYKJAVÍK TIL HAFNAR OG AFTUR TIL BAKA



strætó.is

NÝJUNGAR Í ALMENNINGSSAMGÖNGUM Á SUÐURLANDI


Strax í byrjun ársins 2012 víkkar Strætó bs., í samstarfi við sveitarfélögin á Suðurlandi, þjónustusvæði sitt svo um munar. Frá 1. janúar ekur Strætó um Suðurland allt austur til Hafnar í Hornafirði. Samhliða verður gjaldsvæðum fjölgað í 29 en þau hafa hingað til verið fjögur.



NÚ GETUR ÞÚ TEKID ÞÉR FAR MEÐ STRÆTÓ FRÁ REYKJAVÍK TIL HAFNAR

NÝJAR LEIÐIR - 51, 52, 71, 72, 73

Nýjar leiðir verða teknar í gagnið og hægt verður að ferðast með strætó víðar um Suðurland en sumar leiðir eru háðar því að þær séu pantaðar með minnst tveggja tíma fyrirvara. Á leið 51 þarf að panta fyrir kl. 18 daginn áður ef fara á milli Hafnar í Hornafirði og Víkur. **Hægt er að kynna sér tímaáætlanir fyrir allar leiðir á tímistöflum á strætó.is**




FLEIRI GJALDSVÆÐI

Gjaldsvæði Strætó verða eftir áramót 29 talsins. Stærsta gjaldsvæðið nær yfir höfuðborgarsvæðið og dregur 22 kílómetra. Eftir það spannar hvert svæði 11 kílómetra, allt að Höfn í Hornafirði. Innan hvers gjaldsvæðis geta verið tvö gjaldsvæði eða fleiri (sjá kort, svæði 90). Ef þú ferðast frá svæði 90 í Landeyjahöfn þá ferð þú yfir svæði 91 og þar með tvö gjaldsvæði.

FYLGSTU MEÐ Á STRÆTÓ.IS

Strætó vinnur stöðugt að því að bæta þjónustu sína. Vefurinn strætó.is gegnir lykilhlutverki við að létta viðskiptavinum okkar lífið með greiðslukerfi og leiðakortum sem þróast ört í takt við nýja tækni. Nú síðast með rauntímakorti sem sýnir hvar hver vagn er staddur á hverjum tíma. Við sjáum fram á spennandi tíma og munum gera allt sem í okkar valdi stendur til að hagnýta okkur nýjungar til hagsbóta fyrir alla þá sem nýta sér þjónustu Strætó. Fylgstu með á strætó.is og njóttu þess að ferðast á hagkvæman hátt.



LEIÐ 73

Selfoss » Flúðir
Leið 73 leggur upp frá Fossnesi á Selfossi og fer að Flúðum ef pantað er með tveggja tíma fyrirvara í síma 540 2700.

LEIÐ 72

Selfoss » Borg » Laugarvatn
Leið 72 leggur upp frá Fossnesi á Selfossi ef pantað er með tveggja tíma fyrirvara í síma 540 2700 og fer að Borg í Grímsnesi eða alla leið á Laugarvatn ef þess er óskað.

LEIÐ 71

Hveragerði » Þorlákshöfn » Hveragerði
Leið 71 fer milli Þorlákshafnar og Hveragerðis tvisvar á dag, alla virka daga.

LEIÐ 51

Mjódd » Hveragerði » Selfoss » Hvolsvöllur » Vík » Skaftafell » Höfn
Leið 51 ekur sem fyrr á milli Reykjavíkur og Hveragerðis/Selfoss og heldur áfram til Víkur í Mýrdal alla daga vikunnar. Tvisvar í viku, föstudaga og sunnudaga, er ekið á milli Víkur og Hafnar í Hornafirði. Nauðsynlegt er að panta vagninn á milli Hafnar og Víkur með því að hafa samband fyrir kl. 18 daginn áður í síma 540 2700.

LEIÐ 52

Reykjavík » Hveragerði » Selfoss » Hella » Hvolsvöllur » Landeyjahöfn
Leið 52 ekur milli Reykjavíkur og Landeyjahafnar um Hveragerði, Selfoss, Hella og Hvolsvöll tvisvar á dag. Fyrri ferðin leggur upp frá BSÍ og seinni frá Mjódd.

ÞÚ KAUPIR KORT OG FARMÍÐA Á STRÆTÓ.IS

Það er oftast ódýrara og þægilegra að kaupa farið á strætó.is. Suðurlandsstrætó býður jafnframt þá nýbreytni að hægt er að greiða vagnstjórum farið með debet- eða kreditkort.

GJALDSVÆÐI	10	30	31	40	42	42	52	53	63	63	64	70	73	80	91	100	120	130	130	140	150	170	180	220	250	290			
STADAR-NAFN																													
Höfuðborgarsvæðið	1	3	4	4	5	5	6	7	8	8	8	10	10	10	10	10	12	13	13	14	15	17	18	22	25	29			
Hveragerði	3	1	2	2	3	3	4	5	6	6	6	7	7	7	7	7	8	8	8	10	11	11	12	13	15	16	20	23	27
Þorlákshöfn	4	2	1	3	4	4	5	6	7	7	7	6	7	7	9	9	11	12	12	13	14	16	17	21	24	28			
Selfoss	4	2	3	1	2	2	3	4	5	5	5	4	5	5	7	7	9	10	10	11	12	14	15	19	22	26			
Kerð, Grímsnesi	5	3	4	2	1	1	2	3	6	6	6	6	8	8	10	11	11	12	13	15	16	20	23	27					
Þrastarlundur	5	3	4	2	1	1	2	3	6	6	6	6	8	8	10	11	11	12	13	15	16	20	23	27					
Borg í Grímsnesi	6	4	5	3	2	2	1	2	7	7	7	6	7	7	9	9	11	12	12	13	14	16	17	21	24	28			
Laugarvatn	7	5	6	4	3	3	2	1	8	8	8	7	8	8	10	10	12	13	13	14	15	17	18	22	25	29			
Laugarás	8	6	7	5	6	6	7	8	1	1	1	4	3	5	7	7	9	10	10	11	12	14	15	19	22	26			
Skálholtskirkja	8	6	7	5	6	6	7	8	1	1	1	4	3	5	7	7	9	10	10	11	12	14	15	19	22	26			
Reykholt	8	6	7	5	6	6	7	8	1	1	1	5	2	6	8	8	10	11	11	12	13	15	16	20	23	27			
Hella	7	5	6	4	5	5	6	7	4	4	5	1	7	2	4	4	6	7	7	8	9	11	12	16	19	23			
Flúðir	8	6	7	5	6	6	7	8	3	3	2	7	1	7	9	9	11	12	12	13	14	16	17	21	24	28			
Hvolsvöllur	8	6	7	5	6	6	7	8	5	5	6	2	7	1	3	3	5	6	6	7	8	10	11	15	18	22			
Landeyjahöfn	10	8	9	7	8	8	9	10	7	7	8	4	9	3	1	3	5	6	6	7	8	10	11	15	18	22			
Seljalandsfoss	10	8	9	7	8	8	9	10	7	7	8	4	9	3	3	1	3	4	4	5	6	8	9	13	16	20			
Skógafoss	12	10	11	9	10	10	11	12	9	9	10	6	11	5	5	3	1	2	2	3	4	6	7	11	14	18			
Pétursey	13	11	12	10	11	11	12	13	10	10	11	7	12	6	6	4	2	1	1	2	3	5	6	10	13	17			
Sólheimajökull (vegamót), 871 Vík	13	11	12	10	11	11	12	13	10	10	11	7	12	6	6	4	2	1	1	2	3	5	6	10	13	17			
Vík	14	12	13	11	12	12	13	14	11	11	12	8	13	7	7	5	3	2	2	1	2	4	5	9	12	16			
Hjorleifshöfi	15	13	14	12	13	13	14	15	12	12	13	9	14	8	8	6	4	3	3	2	1	3	4	8	11	15			
Kirkjubæjarklaustur	17	15	16	14	15	15	16	17	14	14	15	11	16	10	10	8	6	5	5	4	3	1	2	6	9	13			
Orustuhöll	18	16	17	15	16	16	17	18	15	15	16	12	17	11	11	9	7	6	6	5	4	2	1	5	8	12			
Skafthell	22	20	21	19	20	20	21	22	19	19	20	16	21	15	15	13	11	10	10	9	8	5	5	1	4	8			
Jökulsárlón	25	23	24	22	23	23	24	25	22	22	23	19	24	18	18	16	14	13	13	12	11	9	8	4	1	5			
Höfn í Hornafirði	29	27	28	26	27	27	28	29	26	26	27	23	28	22	22	20	18	17	17	16	15	13	12	8	5	1			

Fargjaldið miðast við fjölda gjaldsvæða sem farið er yfir. Staðgreiðsluverð er 350 kr. fyrir hvert gjaldsvæði. Nota þarf jafn marga farmiða og fjöldi gjaldsvæða segir til um. Sem dæmi má nefna að átta gjaldsvæði eru á milli Reykjavíkur og Hvolsvallar. Í því tilviki er staðgreiðsluverðið 2.800 krónur. Ef greitt er með farmiðum þarf að nota átta farmiða og þá kostar ferðin 2.184 kr. fyrir fullorðna, 840 kr. fyrir ungmenni, 320 kr. fyrir börn og 760 kr. fyrir öryrkja og aldraða.

DÆMI UM VERÐ OG ÞJÓNUSTU STRÆTÓ Á SUÐURLANDI

DÆMI 1

Selfoss » Reykjavík

Þrúður býr á Selfossi og vill hvergi annars staðar búa en fékk tímabundið draumastarf í Reykjavík og fer á milli með strætó hvern virkan dag og stundum um helgar. Til að byrja með keypti hún sér farmiða þar sem hver ferð kostaði 1.092 kr. en skipti fljótlega yfir í 3 mánaða kort sem kostar 63.600 kr. og þá kostar hver ferð 505 kr.*

*Dæmið miðast við ferðir tvisvar á dag fimm daga vikunnar.

DÆMI 3

Vestmannaeyjar » Hella

Gulli býr í Vestmannaeyjum en á kærustu á Selfossi. Núna tekur hann strætó frá Landeyjahöfn um hverja helgi. Tilvonandi tengdaföður hans finnst nóg um þessar endalaus heimsóknir en er þó ánægður með að drengurinn skuli velja hagkvæman ferðamáta. Gulli notar farmiða og greiðir því aðeins 1.911 kr. fyrir ferðina í stað 2.450 kr. ef hann myndi staðgreiða.

DÆMI 2


Reykjavík » Höfn » Reykjavík

Randver stundar nám við háskóla í Reykjavík en ætlar í heimsókn til foreldra sinna á Höfn í Hornafirði eftir prófin. Hann gætir þess að láta Strætó vita að hann ætli áfram frá Vík með föstudagsvagninum til Hafnar með því að hringja og panta ferðina fyrir kl. 18 á fimmtudeginum. Auðvitað gæti hann greitt vagnstjóranum farið beint með debetkortinu sínu. Það mundi kosta hann 10.150 kr. hvora leið en hann velur ódýrari kostinn og kaupir farmiða á netinu þannig að hvor ferð kostar hann 7.917 kr.



strætó.is

RAUNTÍMAKORT Á STRÆTÓ.IS



Með akstri um Suðurland tekur Strætó í notkun svokallað rauntímakort þar sem nýjasta tækni gerir viðskiptavinum okkar kleift að sjá hvar vagninn þeirra er staddur á hverri stundu. GPS-búnaður sér til þess að hægt er að fara á strætó.is í tölvu og innan skamms einnig í snjallsíma og fylgjast með ferðum mismunandi leiða á Suðurlandi.

Rauntímakortið er tækninýjung sem léttir líf viðskiptavina okkar til muna.

FYLGSTU MEÐ Á STRÆTÓ.IS



strætó.is

